

Foreldrafélag Auðarskóla leggur til við skólastjóra Auðarskóla og sveitarstjórn Dalabyggðar að taka tillit til kostnaðar í fjárhagsáætlun skóla og sveitarfélags. Stjórn foreldrafélagsins lítur svo á að það starf sem fram fer á skólatíma falli undir skyldumætingu nemenda og því eðlilegt að það sem skólinn skipuleggur á skólatíma geri skólinn ráð fyrir í fjárhagsáætlun sinni.

Kostnaður sá er um ræðir er skólabúðir, skíðaferðalag og annað það sem foreldrar hafa verið að greiða fyrir og fram fer á skólatíma.

Ef svo ólíklega fer að ósk foreldrafélagsins verði hafnað óskar félagið eftir að foreldrar verði upplýstir í upphafi skólaárs hver kostnaður verði og hvenær er áætlað að sendir verða út reikningar.

Virðingarfyllt.

Fyrir hönd stjórnar.

Formaður foreldrafélags Auðarskóla.

Inga Heiða Halldórsdóttir

